



Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. febrúar 2016

Tilvísun ÞÍ: 2016020076/6.0

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007, með síðari breytingum (heimagisting veitingastaðir án áfengisveitinga, ótímabundin rekstrarleyfi), þingskjal 731 — 457. mál.

Þjóðskrá Íslands hefur kynnt sér efni frumvarpsins og fer umsögn stofnunarinnar við tiltekin ákvæði hér á eftir.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins kemur fram að til þess að um heimagistingu geti verið að ræða, þurfi hið leigða húsnæði að vera lögheimili einstaklings, þ.e. leigusala. Einnig kemur fram að auk þess sé heimilað að leigð sé út ein fasteign til viðbótar sem sé í eigu leigusala. Af þessu tilefni vill Þjóðskrá Íslands vekja athygli á að skráning lögheimilis einstaklinga í dag er með þeim hætti að einungis er skráð heimilisfang lögheimilis en ekki liggja fyrir upplýsingar um lögheimili einstaklinga niður á íbúðir. Þetta kemur þó einungis að sök þegar um er að ræða í fjöleignarhús eða í hús þar sem um er að ræða fleiri en eina íbúð.

Um nokkurt skeið hefur verið unnið að undirbúningi þess að hefja skráningu lögheimilis niður á íbúðir og er þess vænst að slíkar breytingar líti dagsins ljós á næstu árum. Þó er einnig ljóst að umræddar breytingar krefjast mikillar yfirlegu og fjármagns en verkefnið lýtur m.a. að því að tengja lögheimili við staðfang í fasteignaskrá og þvínæst við tilgreiningu íbúðar í húsaskrá þjóðskrár (lögheimilaskrá).

Um 5. grein

Þjóðskrá Íslands vill vekja athygli á því að síðastliðin 2 ár hefur verið unnið að smíði leyfisveitingagáttar undir merkjum Ísland.is. Gáttin mun opna í febrúar 2016 og fyrst um sinn verður hægt að sækja um leyfi til að opna gistinæturstað. Fljótlega verður leyfum fjölgað og lögð verður áhersla á þau leyfi sem flestir þurfa/nota. Verði frumvarpið að lögum gæti heimagisting hæglega verið næsta leyfi sem sett yrði upp í gáttinni. Gáttin er í anda stefnu ríkis og sveitarfélaga um upplýsingasamfélagð 2013-2016¹ um eina þjónustugátt fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Verkefnið hefur hlotið styrki frá upplýsingasamfélaginu og einnig frá forsætisráðuneyti.

¹ Sjá nánar stefnu upplýsingasamfélagsins 2013-2016 „Vöxtur í krafti netsins - byggjum, tengjum og tökum þátt“: <http://www.ut.is/us/stefna/voxtur-i-krafti-netsins/>



Leyfisveitingagátt er umsóknargátt þar sem auðkenndir einstaklingar og lögaðilar sækja um leyfi til atvinnurekstrar í öruggu umhverfi og láta gáttina sækja fyrir sig flest nauðsynleg fylgigögn. Umsækjandi fylgist síðan með ferli umsókna sinna á einum stað. Umsagnaraðilar og leyfisveitendur hafa einnig aðgang að gáttinni varðandi þeirra þátt.

Markmiðið með leyfisveitingagátt er að einfalda til muna ferlið við að afla leyfa til að stofna til atvinnurekstrar á Íslandi. Ein gátt sparar tíma, fyrirhöfn og kostnað ásamt því að flýta fyrir afgreiðslu.

Tilgangur leyfisveitingagáttarinnar er þrjúþættur:

1. Að auðvelda þeim sem sækja um leyfi alla umsýslu og meðferð fylgigagna. „One-stop-shop“.
2. Að veita á einum stað umsagnaraðilum yfirsýn yfir útistandandi umsagnir og möguleika á afgreiðslu og frágang umsagna.
3. Að veita leyfisveitanda yfirsýn yfir umsóknir og umsagnir skyldra umsagnaraðila ásamt möguleika á samskiptum við umsækjendur og að veita leyfin.

Í kafla VI í skýringum við frumvarpið er fjallað um mat á áhrifum. Af því tilefni vill Þjóðskrá Íslands benda á að leyfisveitingagáttinni er ætlað að einfalda ferlið við leyfisumsóknir. Er þannig gert ráð fyrir að umsækjandi skrái sjálfur inn nauðsynlegar upplýsingar, gögn um hann eru sótt sjálfvirk í gagnagrunna opinberra aðila, umsagnaraðilar skrá einnig inn í gáttina og sýslumenn hafa yfirsýn yfir öll gögn á einum stað. Því er ólíklegt að leyfisveitingagátt kalli á meiri vinnu og mannafla en áður. Það að sýslumenn annist skráningu er ekki í anda stefnu ríkis og sveitarfélaga um upplýsingasamfélagið sem hefur það að markmiði að „*Einstaklingar og fyrirtæki geti afgreitt erindi sín við stjórnarsýslu ríkis og sveitarfélaga, hvenær sem er, hvar sem er og án tafar.*“.

Þjóðskrá Íslands gerir að öðru leyti ekki efnislegar athugasemdir við efni frumvarpsins en áskilur sér rétt til þess að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum. Sé óskað frekari upplýsinga verða þær fúslega veittar.

F.h. Þjóðskrár Íslands

Indriði Björn Ármannsson
Lögfræðingur